

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 13. janúar 2022: Framhaldsfyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjárfestingarverkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs - tilv. R21030087 - FAS21120132

Fyrirspurnir í framhaldi af svari sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hvernig stendur á því að 10 milljarðarnir eru eignfærsluverkefni sem ekki kemur fram í rekstri fyrr en byrjað er að afskrifa? 1. Eftir hvaða reglum á að færa óefnislegar eignir í eignasjóð þegar ný aðferðafræði, sem hefur í för með sér sparnað miðað við eldri aðferðafræði, leysir aðra eldri af hólmi? 2. Eftir hvaða reglum á að færa óefnislegar eignir í eignasjóð þegar verið er að taka upp nýja þjónustu / ný verkefni? 3. Hvaða reglur eiga að gilda í þessum efnum varðandi kostnað við rannsóknir og þróunarvinnu? 4. Hvað má afskriftartími óefnislegra eigna vera að hámarki? 5. Getur afskriftatíminn verið mismunandi milli einstakra flokka óefnislegra eigna? 6. Þarf mismunandi reglur varðandi óefnislegar eignir sem hafa verið þróaðar innan viðkomandi rekstrareiningar og þeirra sem fengnar eru frá utanaðkomandi aðilum? 7. Hvaða reglur eiga að gilda í þessu sambandi um eignir sem geta verið byggðar upp af bæði varanlegum eignum og óefnislegum eignum? tilv. R21030087. FAS21120132